

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-dómsmönnum Gunnari Ámundasyni og Jóhanni Indriðasyni rafmagnsverk-fræðingum.

D ó m s o r ð:

Stefndi iðnaðarráðherra vegna Rafmagnseftirlits ríkisins skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Samvinnutrygginga g/t, í máli þessu. Máls-kostnaður milli þeirra fellur niður.

Stefndu iðnaðarráðherra vegna Rafmagnsveitna ríkisins og fjár-málaráðherra f.h. ríkissjóðs greiði stefnanda, Samvinnutryggingum g/t, kr. 57.000.00 með 27% ársvöxtum frá 11. október 1979 til 1. des-ember s.á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 6. nóvember s.á., með 46% ársvöxt-um frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 2. júní s.á. og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 19.100.00 í máls-kostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. mars 1984.

Nr. 31/1984. **Ríkissaksóknari**

gegn

**Ármani Kristinssyni sakadómara og
Sigþóri Pétri Svavarssyni**

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 13. febrúar 1984, en þann dag fékk hann vitneskju um frávís-unardóminn. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 17. s.m. Ríkissak-sóknari krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og

héraðsdómaranum verði dæmt skylt að taka málið til dómsmeðferðar og uppsögu efnisdóms á grundvelli ákæru, útgefnar 21. nóvember 1983, á hendur varnaraðilja Sigþóri Pétri Svavarssyni.

Frá varnaraðilja Sigþóri Pétri Svavarssyni hafa hvorki borist kröfur né greinargerð, og frá Ármanni Kristinssyni sakadómara hefur engin greinargerð borist.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 107/1976, annast lögreglan (rannsóknarlögregla ríkisins) frumrannsókn opinberra mála. Er markmið þeirrar rannsóknar að afla allra nauðsynlegra gagna til að handhafa ákærvalds sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort opinbert mál skuli höfðað, og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar. Eins og í hinum kærða frávísunardómi er rakið, er gagnaöflun í máli þessu ófullkomin að ýmsu leyti. M.a. eru engar upplýsingar um eignaskiptasamning þann, sem varnaraðili Sigþór Pétur telur hafa verið gerðan milli sín og Rannveigar Pálsdóttur, er þau slitu samvistir í janúar eða febrúar 1983. Ekki hafa verið lögð fram skattframtöl þeirra gjaldárin 1983 og 1984. Ekki hefur farið fram viðhlítandi könnun á lántökum þeirra vegna kaupa á bifreiðinni B 315 eða greiðslu á þeim lánnum og eigi næg könnun á fjármögnun þeirra til bifreiðakaupanna að öðru leyti. Þá hefur ekki verið sannreynd sú staðhæfing varnaraðilja Sigþórs Péturs, að hann hafi notað andvirði fyrirtækis, er hann seldi, til kaupa á bifreiðinni. Af þessum sökum verður ekki talið, að frumrannsókn sú, sem fram hefur farið í máli þessu, sé viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar samkvæmt 75. gr. og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 13. og 19. gr. laga nr. 107/1976. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn kærða frávísunardóm að niðurstöðu til.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. janúar 1984.

Ár 1984, mánudaginn 9. janúar, var á dómþingi sakadóms, sem háð var í Borgartúni 7, Reykjavík, af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 22/1984: Ákærvaldið gegn Sigþóri Pétri Svavarssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. nóvember 1983, gegn ákærða „Sigþór Pétri Svavarssyni, trésmið, Boðagranda 3, Reykjavík, fæddum 4. júlí 1948 á Patreksfirði, fyrir umboðssvik og fjárdrátt, með því að hafa þann 4. maí 1983 selt í heimildarleysi Sigurbjörgu Hönsu Jónsdóttur, Silfurgötu 37, Stykkishólmi, bifreiðina B 315, Volvo 244 árgerð 1982, sem ákærði átti í óskiptri sameign með fyrrverandi sambyliskonu sinni, Rannveigu Pálsdóttur, Meistaravöllum 11, Reykjavík, og síðan hagnýtt sér allt andvirði bifreiðarinnar, sem nam endanlega kr. 250.000 í reiðufé, án þess að gera Rannveigu skil á sínum hluta andvirðisins.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. og 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og alls sakarkostnaðar.“

Ákærði hefir við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu skýrt frá því, að þau Rannveig Pálsdóttir hafi búið saman um fimm ára skeið, slitið samvistir og eignaskipti milli þeirra farið fram um mánaðamótin febrúar og mars 1983, þau skipti ekki tekið til bifreiðarinnar B 315, þar sem hún hafi verið hans eign, en um það atriði hefur Rannveig Pálsdóttir ekki verið spurð.

Framburðir ákærða og Rannveigar Pálsdóttur um greiðslu kaupverðs og eignaraðild að nefndri bifreið eru ósamhljóða. Framburður hvors aðilja um sig hefur ekki verið borinn undir hinn aðiljann og engin samprófun fram farið. Ekki hafa verið kannaðir bankareikningar, sem vísað er til, eða lán, sem tekin voru vegna bílakaupanna, og greiðslur á þeim. Skattaframtöl ákærða og Rannveigar Pálsdóttur hafa ekki verið lögð fram í málinu. Sú staðhæfing ákærða, að hann hafi notað til kaupanna andvirði fyrirtækis, sem hann seldi, hefur ekki verið sannreynd. Aðiljar í sambandi við síðari bifreiðaviðskipti ákærða hafa ekki verið yfirheyrðir.

Með hliðsjón af því, sem rakið hefur verið hér að framan, og með vísan til 32. og 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 5. og 19. gr. laga nr. 107/1976, verður máli þessu vísað frá dómi ex officio.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er ex officio vísað frá sakadómi.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.